

## REGLUR

### um menntun og starfsréttindi mjólkureftirlitsmanna.

#### 1. gr.

Þeir sem óska eftir að öðlast starfsréttindi sem mjólkureftirlitsmenn skulu senda skriflega umsókn til landbúnaðarráðuneytisins ásamt prófvottorðum og upplýsingum um menntun og starfsreynslu. Til að umsækjandi hljóti starfsréttindi mjólkureftirlitsmanns skal hann staðfesta þekkingu sína með prófi. Sérfræðingar, hver á sínu sviði, skulu sannreyna þekkingu próftaka, ásamt prófdómara tilnefndum af landbúnaðarráðuneytinu.

Þeir sem standast próf öðlast með því starfsréttindi sem landbúnaðarráðuneytið gefur út.

#### 2. gr.

Próftakar skulu hafa lokið námskeiðum eða hliðstæðri menntun sem yfirdýralæknir samþykkir, sem nær til eftirtalinna efnisþátta, sem tengjast eða hafa áhrif á hreinleika og gæði mjólkur:

1. *Örverufræði*. Örverur sem tengjast júgurheilbrigði og mjólkurgæðum. Þrif og hreinlæti.
2. *Líffæra- og lífeðlisfræði júgursins*. Gerð og starfsemi júgursins (mjólkurframleiðsla).
3. *Júgurheilbrigði*. Varnarkerfi líkamans/júgursins. Júgursjúkdómar; varnir, greining, meðhöndlun og útskolun lyfja.
4. *Mjólk og mjólkurgæði*. Efnasamsetning mjólkur. Frumur og gerlar í mjólk. Reglur um flokkun mjólkur. Þættir sem hafa áhrif á gæði mjólkur og vinnslueiginleika.
5. *Mjaltir*. Vinnubrögð við mjaltir; tækni, hreinlæti og annað sem hefur áhrif á mjaltir.
6. *Mjaltakerfið*. Gerð og starfsemi, hönnun og uppsetning, þrif og viðhald. Reglubundið eftirlit.
7. *Mjólkurtankurinn*. Kælikerfið.
8. *Mjólkurhúsið og fjósið*. Innréttingar, loftræsting, lýsing og önnur atriði sem áhrif hafa á hreinlæti og aðbúnað gripanna.
9. *Reglur*. Reglugerð um mjólk og mjólkurvörur. Reglur um aðgerðir til útrýmingar smitandi júgurbólgu.

#### 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skulu þeir sem starfað hafa við mjólkureftirlit eiga kost á að staðfesta þekkingu sína með prófi vorið 1997.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 3. tölul. 39. gr. reglugerðar um mjólk og mjólkurvörur nr. 35/1986, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 26. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

\_\_\_\_\_  
Jón Höskuldsson.